



Brunahönnun

Verklagsreglur SHS

Almennar skýringar

Verklagsreglur þessar eiga við þær byggingarleyfisumsóknir þar sem gerð er sérstök brunahönnun af öðrum en aðalhönnuði. Reglurnar fjalla um á hvern hátt málsmeðferð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) skuli háttað við yfirferð brunahönnunar-skýrslna og aðaluppdráttu brunahannaðra húsa og hvert samþykktarferli slíkra mála skuli vera. Markmið reglnanna er að stuðla að traustari brunavörnum, á þann hátt að festa í sessi markvissari málsmeðferð við rýni slökkviliðs á brunahönnunargögnum og að tryggja að brunavarnir sem brunahönnuður fyrirskrifar skili sér á aðaluppdrætti.

Það er almennt viðhorf SHS að hlutverk þess sem opinbers eftirlitsaðila sé að taka afstöðu til tillagna sem eru í aðalatriðum fullunnar, en ekki að taka beinan þátt í hönnunarferli mála í formi hugmyndavinnu og ráðgjafar. Eðlilega þurfa hönnuðir oft að kanna afstöðu SHS til þátta í hönnun byggingar á mismunandi stigum. Getur þetta t.d. átt við um einhverjar forsendur hönnunar, eða veigamiklar ákvarðanir í hönnun sem verða að vera réttar ef möguleg mistök eiga ekki að vinda upp á sig. Þetta sýnir traust og ábyrg vinnubrögð þegar þessi leið er farin, en þá skal hins vegar kynna SHS rökstudda tillögu varðandi þau álitamál sem það þarf að taka afstöðu til.

Rýni slökkviliðs

Til að tryggja góðar eldvarnir er brýnt að brunahönnun og aðaluppdrættir henni tengdir séu skoðuð vandlega þannig að þau gögn sem lögð eru fyrir byggingarfulltrúa séu í lagi. Kallar þetta fyrst og fremst á vönduð vinnubrögð hönnuða og traust gæðaeftirlit með hönnuninni. Það á alla jafna ekki að vera hlutverk SHS að sannreyna útreikninga eða fínkemma aðaluppdrætti til að kanna hvort þeir séu í samræmi við niðurstöður og fyrirmæli brunahönnunar. Til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála er miðað við að SHS meti þau á grundvelli kynningar frá hönnuðum og felst matið í eftirfarandi þáttum:

- **Tegund brunahönnunar.** Í hve miklum mæli tekur hönnunin mið af forskriftar-ákvæðum byggingarreglugerðar, hvaða tæknibýtti eru í henni og hverjar eru forsendur þeirra, og í hve miklum mæli hönnunin er reikningsleg. Einnig þarf að skoða þá aðferðafræði sem hönnuður hefur kosið að nota.
- **Staðlar.** eru notaðir staðlar og reglur sem viðurkenndir eru hér á landi, er skýrt í hvaða hlutum hönnunar tiltekinn staðall eða reglur er notaður og að notkun þeirra sé eins og til er ætlast.
- **Vandamál.** Komu upp vandamál sem þurfti að glíma sérstaklega við í hönnuninni og hvernig þau voru leyst. Einnig hvort þau tilfelli (scenario) sem skoðuð eru í brunahönnuninni lýsandi fyrir þær aðstæður sem gætu komið upp í húsinu.
- **Trúverðugleiki.** Hér er metin heildarmynd hönnunar og hvort hún sé í takt við önnur sambærileg verk og til þess fallin að uppfylla markmið 137. greinar

byggingarreglugerðar. Einnig hvort niðurstöður um einstaka þætti séu traustvekjandi. Í því getur m.a. falist að vísað sé til erlendra fyrirmynda, staðla eða leiðbeininga.

- **Notkunarskilmálar.** Hér þarf sérstaklega að tilgreina þá þætti sem á einhvern hátt takmarka notkun byggingar. Þetta má kalla notkunarskilmála og þurfa þeir að koma fram í niðurstöðum brunahönnunar á aðaluppdráttum. Þetta getur t.d. átt við um hvaða tegund starfsemi má eða má ekki vera í byggingunni m.t.t. brunaálags, hver stöflunarhæð vöru má vera m.t.t. sprinklers eða fólksfjöldi eftir atvikum.

Sé mat á ofangreindum þáttum jákvætt mun SHS gefa jákvæða umsögn um viðkomandi brunahönnun, en taka einstök mál til ítarlegri skoðunar ef tilefni er til.

Málsmeðferð

Ákvörðun um málsmeðferð byggir á þeirri hugsun að SHS taki afstöðu til mótaðra tillagna og fulltrúar þess séu ekki hluti af hönnunarteymi viðkomandi máls. Eðlilega verður slökkvilið að svara ýmsum spurningum er lúta að afstöðu þess til ýmissa þátta varðandi brunahönnun eins og fjallað er um undir "rýni slökkviliðs". Einnig geta í stærri verkum komið upp sérstök vandamál sem taka þarf afstöðu til eins og áfangaskiptinga, hámarksgetu slökkviliðs, vatnsöflun, áhrifa m.t.t. almannhættu, áhrif á öryggi þess húss sem er í notkun vegna viðbygginga og fleira þess háttar. Meginregla er að áður en gögn eru lögð inn til byggingarfulltrúa vegna byggingarleyfisumsóknar, skal brunahönnuður funda með fulltrúa SHS og kynna verkefnið. Í stærri eða flóknari verkum skal aðalhönnuður einnig koma á þann fund. Þar skulu meginlínur viðkomandi verkefnis kynntar svo og brunahönnun. Sé hægt að ljúka fundi þannig að spurningum SHS sé svararð á viðunandi hátt er málið tilbúið til byggingarfulltrúa hvað varðar brunavarnir. Brunahönnunarskýrsla skal fylgja aðaluppdráttum og skal eitt sett aðaluppdráttar áritað af brunahönnuði ásamt stimpli viðkomandi verkfræðistofu. Þetta staðfestir að teikningar hafi verið rýndar m.t.t. til brunavarna og að ákvæði á þeim um eldvarnir séu eins og niðurstöður brunahönnunar

Það er ljóst að ekki er hægt að skylda hönnuði til þessa verklags. Það er jafnljóst að þetta á að geta greitt fyrir umsögn SHS um byggingarleyfisumsagnir auk þess að tryggja betri gæði á vinnunni hvað eldvarnir varðar. Verði þetta virt er hægt að gefa jákvæða umsögn um hönnunina án þess að leggjast í umfangsmikla rýni á skýrslu og uppdráttum, þótt eðlilega verði gerðar stikkprufur. Sé mál ekki kynnt SHS mun því verða frestað hjá byggingarfulltrúa með umsögninni "hönnuður beðinn að hafa samband við SHS". Séu uppdrættir ekki áritaðir af brunahönnuði verður máli einnig frestað og tekið til nánari skoðunar hjá SHS. Í stuttu máli skal brunahönnun og aðaluppdrættir henni tengdir hljóta viðunandi rýni. Sé hún ekki sannanlega unnin af hönnuðum sjálfum verður slökkvilið að taka hana að sér. Hönnunargögn verða þá tekin til skoðunar á slökkvistöð þegar að þeim kemur í verkefnaröð.

Breytingar á brunahönnuðum byggingum skulu hljóta sömu málsmeðferð. Kynning hönnuða á verkefninu fyrir SHS fer eftir aðstæðum, þ.e. hve miklu er verið að breyta og hvers eðlis breytingarnar eru. Ávalt skal þó staðfesting brunahönnuðar á rýni fylgja viðkomandi erindi í formi áritunar á uppdrætti.

Reykjavík 13. desember 2007

Bjarni Kjartansson,
sviðsstjóri forvarnasviðs SHS